

Þessu. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði, Halldór kaupmaður Hávarðsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. febrúarmánaðar.

Nr. 47/1907:

Réttvísinn

gegn

Halldóri Hávarðssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 8. júlí f. á., var hinn ákærði Halldór kaupmaður Hávarðsson í Bolungarvík dæmdur samkvæmt 99. gr. alm.

hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir kröfu hins ákærða.

Um sakaefni er það sannað með skýrslu ákærða sjálfs og ýmsum vitnisburðum í málinu, að ákærði hafi sýnt sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu ofsafullan mótþróa og mótstöðu hinn 19. marz f. á., þá er sýslumaður kom með vottum á heimili hans í Bolungarvík til þess að gera lögtak hjá honum fyrir ógreiddum tollgjöldum. Þegar sýslumaður skýrði ákærða frá erindinu, sagði hann að hann væri búinn að senda gjöldin til Ísafjarðar til sýslumanns. Það er nú og sannað, að ákærði sendi þennan sama dag mann til Ísafjarðar með peninga til sýslumanns, en hann kom eigi til Ísafjarðar fyr en síðdegis, og eru allar líkur til þess, eftir því sem skýrslur málsins benda til, að hann hafi eigi farið af stað úr Bolungarvík fyr en um það leyti er sýslumaður var þangað kominn. Þegar nú ákærði eigi vildi skýra sýslumanni frá því, er hann beint spurði um það, með hverjum ákærði hefði sent peningana, lýsti sýslumaður því yfir, að hann tæki eigi orð hans trúanleg, og setti fógetarétt í sölubúð ákærða til þess að framkvæma lögtakið. Ákærði bannaði þá sýslumanni að framkvæma lögtakið, vísaði honum og réttarvottum á dyr, neitaði að vísa á muni til lögtaks og sagði að sýslumaður hefði þar ekkert að gera; aflæsti hann síðan ytri dyrum búðarinnar og ætlaði að bakdyrunum til að skreppa út um þær eða læsa þeim, en honum var eigi leyft það. Hann sagði þá og að þeir (þ: sýslumaður og réttarvottarnir) »skyldu verða að mölva sig út«

og að hann skyldi safna að sér mönnum til þess að koma í veg fyrir að hinir lögteknu munir væri fluttir burt. Ákærði var yfirleitt mjög stórorður og hávaðasamur, enda segir hann sjálfur, að hann hafi snöggvast orðið afskaplega reiður. Sýslumaður lauk þá lögtakinu eins og til stóð, án þess að ákærði gerði frekari tilraun til þess að framkvæma hótanir sínar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt sekt fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt og sektardómi fyrir ólöglega vinsölu, og með landsyfíréttardómi fyrir ólöglega vinsölu, og með landsyfíréttardómi 17. þ. m., sbr. aukaréttardóm Ísafjarðarsýslu 23. sept. f. á., hefir hann fyrir afbrot framið snemma á árinu sem leið (1907) verið dæmdur samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Afbrot hans, er hér hefir verið lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 99. gr. hegningarlaganna, en refsinguna virðist eftir öllum atvikum og með skýrskotun til 65. gr. hegningarlaganna mega ákveða 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að málskosnaðar-ákærði aukaréttardómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta nefndan dóm með greindri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóm-inn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það er aðfinningarvert, að dómurinn í máli þessu hefir af setudómaranum, sem var sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, verið kveðinn upp í Patreksfirði »í aukarétti Ísafjarðarsýslu«, er þar var haldinn; en þetta var eigi lögum samkvæmt, þótt eigi verði það látið sæta ómerking dómsins. Að öðru leyti vottast, að rekstur

málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Halldór Hávarðsson greiði og allan áfrýjunarkosnað málsins, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 23. marzmánaðar.

Nr. 40/1907:

Sólborg Oddsdóttir

gegn

Friðrik Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Í barnsfaðernismáli, er áfrýjandinn ekkjan Sólborg Oddsdóttir á Akureyri höfðaði fyrir lögreglurétti Akureyrarkaupstaðar gegn hinum stefnda úrsmið Friðrik Þorgrímssyni, til þess að fá hann skyldaðan með dómi til að greiða árlegt meðlag með barni hennar, Karli Friðrik, fæddum 19. sept. 1906, er hún hefir lýst stefnda föður að, og að minsta kosti helming af barnsfararkostnaði, var dómur kveðinn upp í nefndum rétti 4.